



# Reglugerð knattspyrnudeildar Vestra



## 1. grein

### Hlutverk deildar

Í knattspyrnudeild Vestra er unnið að skipulagi, eflingu og útbreiðslu knattspyrnu. Undir deildina heyrir öll starfsemi varðandi knattspyrnu hjá Vestra.

## 2. grein

### Skipulag deildar

Deildin hefur sér stjórn sem fer með æðsta vald deildarinnar. Undir deildar stjórn eru **flokksráð** fyrir meistaraflokk karla, meistaraflokk kvenna og yngri flokka og þannig skal reka meistaraflokka aðskilda frá yngri flokkum.

Aðalstjórn félagsins ber ábyrgð á rekstri deildarinnar, bæði fjárhag og starfsemi þeirra, en deildin er rekin með aðskilinn fjárhag og kennitölu.

Stjórn knattspyrnudeildar er kosin á aðalfundi deildar, formaður sem kjörinn er til eins árs í senn, en formenn flokksráða eru sjálfkjörnir í stjórn, samtals fjórir. Falli atkvæði á jöfnu í deild og flokksráði, ræður atkvæði oddvita úrslitum. Deildarstjórn kemur sér saman um skipan varamanna og velur fulltrúa.

Stjórnir flokksráða eru kosnar á aðalfundi deildar eða skipaðar af stjórn deildarinnar. Hvert ráð skal skipað minnst þremur aðilum og tveimur til vara. Flokksráð skiptir sjálft með sér verkum.

Deildarstjórn er ætlað að marka félaginu stefnu og markmið. Hún skal leitast við að samræma starf ráða og efla félagsvitund innan knattspyrnudeildar. Hún er flokksráðum til aðstoðar og ráðgjafar.

## 3. grein

### Aðalfundir deilda, fundartími, atkvæðisréttur og boðun

Aðalfundur knattspyrnudeildar félagsins skal haldinn fyrir 1. mars ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deildarinnar hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundum deildarinnar. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Aðalfundur deildar er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Aukaaðalfund deildar má halda ef meirihluti deildarstjórnar álitur þess þörf eða  $\frac{1}{4}$  atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi óska eftir því, enda tilkynni þeir um leið fundarefni það er ræða á.

Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Reglugerðarbreytingar og stjórnarkjör skal þó ekki fara fram á aukaaðalfundi.

## 4. grein

### Dagskrá aðalfunda deilda

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formaður deildar gerir grein fyrir starfssemi deildarinnar á liðnu starfsári.

4. Gjaldkerar deildar og ráða leggja fram til samþykktar og gera grein fyrir reikningum sem staðfestir hafa verið af kjörnum skoðunarmanni og gjaldkera aðalstjórnar. Fjárhagsáætlun deildar/ráða lögð fram til samþykktar.
5. Reglugerðarbreytingar.
6. Kosningar:
  - a) Kosinn formaður deildar. Aðrir í deildarstjórn eru formenn flokksráða.
  - b) Kosið í flokksráð, eða stjórn deildar falið að velja í þau. Minnst 3 í stjórn og 2 til vara.
7. Önnur mál.
8. Fundargerð upplesin og fundarslit.

## 5. grein

### Atkvæðagreiðslur á aðalfundum deilda

Á aðalfundum deilda ræður meirihluti úrslitum mála. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

## 6. grein

### Vanræksla á að halda aðalfund deilda

Vanræki deild að halda aðalfund á lögboðnum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og aðstoða við framkvæmd hans.

## 7. grein

### Stjórnir deilda

Stjórnir deilda skulu skipaðar fjórum mönnum. Stjórnir deilda skipta með sér verkum, fyrir utan formann. Ávallt skulu vera ritari og gjaldkeri í stjórnnum deilda.

## 8. grein

### Fjárhagslegar skuldbindingar

Stjórnir deildarinnar skal gera starfs- og fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir aðalstjórn til samþykktar fyrir 15. nóvember ár hvert. Auk þess ber stjórn deildarinnar að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar, ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar. Með meiriháttar skuldbindingum er átt við þær sem eru umfram samþykktan ófyrirséðan kostnað deildar í rekstraráætlun. Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart félaginu, sbr. 15. grein í lögum félagsins.

Með samþykkt þessarar reglugerðar falla lög Boltafélags Ísafjarðar úr gildi og lög Vestra taka við.

Samþykkt á fyrsti aðalfundi knattspyrnudeildar Vestra, þann 15. október 2016